



Varasjóður húsnæðismála

**Könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga
2015**

Samantekt

Könnun Varasjóðs húsnæðismála á stöðu leiguíbúða íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2015 sýnir að við lok ársins voru leiguíbúðir í eigu þeirra alls 4.992. Þetta er 1,1% fjölgun frá fyrra ári, 55 fleiri íbúðir heldur en við lok ársins 2014.

Vandkvæði vegna auðra íbúða innan leiguíbúðakerfisins eru að mestu úr sögunni; fyrir 10 árum höfðu um 150 íbúðir verið auðar lengur en sex mánuði, en nú ná þær ekki að fylla tvo tugi. Rétt er þó að benda á lítills háttar fjölgun íbúða, sem hafa verið auðar lengur en eitt ár, á sl. þremur árum.

Samtals 11 sveitarfélög áforma að fjölga leiguíbúðum sínum í náinni framtíð, um 123 íbúðir. Mest munar sem fyrr um áform Félagsbústaða hf. í Reykjavík um að byggja 20 íbúðir og festa kaup á 60 íbúðum. Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu áforma að auka íbúðakostinn um 18 leigubúðir og fimm sveitarfélög á landsbyggðinni eru með áform um að fjölga um samtals 25 íbúðir. Munar þar mest um 10 íbúða fjölgun hjá Sveitarfélaginu Hornafirði og um sjö íbúðir hjá Akraneskaupstað. Könnun ársins 2014 sýndi áþekk fjölgunaráform, eða fjölgun um 131 íbúð. Samkvæmt könnun fyrir árið 2013 voru talsvert meiri fjölgunaráform á döfinni, eða um samtals 286 íbúðir, þar af um 200 íbúðir í Reykjavík. Nokkur sveitarfélög hyggja á sölu leiguíbúða á árinu 2016, alls 26 íbúða, eftir að hafa selt samtals 19 íbúðir árið 2015.

Ný spurning um stjórn húsnæðismála í umdæmum sveitarfélaganna leiddi í ljós að algengast er að félagsmálanefnd sé falið þetta verkefni, það á við um samtals 27 sveitarfélög. Alls sex sveitarfélög fela sérstökum húsnæðisnefndum umsýslu húsnæðismála, þar á meðal öll þrjú stærstu sveitarfélögin á Snæfellsnesi, þ.e. Stykkishólmsbær, Snæfellsbær og Grundarfjarðarbær. Víða annars staðar fer æðsta stjórn sveitarfélagsins með stjórn málaflokksins, sums staðar eru velferðarnefndir eða velferðarsvið nefndar til sögunnar.

Könnunin sýnir að alls 32 sveitarfélög glímdu um síðustu áramót við rekstrarvanda, samanborið við 26 sveitarfélög við lok ársins 2014, 25 sveitarfélög við lok ársins 2013 og 27 við lok ársins 2012. Sveitarfélögum sem tilgreina rekstrarvanda hefur því fjölgað talsvert miðað við nokkur undangengin ár. Á höfuðborgarsvæðinu tilgreindi þó aðeins eitt sveitarfélag, Seltjarnarnesbær, rekstrarvanda. Ekkert sveitarfélag höfuðborgarsvæðisins tilgreindi rekstrarvanda árið 2014 og eitt, Hafnarfjarðarkaupstaður, árið á undan.

Uppsafnaður rekstrarvandi¹ náði hæsta meðalgildi (5,0) hjá þremur sveitarfélögum, Reykjanesbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði og Djúpavogshreppi. Fjallabyggð og Seyðisfjarðarkaupstaður koma svo rétt á eftir með meðalgildið 4,8 fyrir rekstarvanda sinn.

Þegar sveitarfélögin voru spurð um stöðuna á leigumarkaðnum í sínu umdæmi kom í ljós að 27 sveitarfélög töldu sig búa við skort eða nokkurn skort á leiguíbúðum. Þá töldu 23 sveitarfélög leigumarkaðinn vera í jafnvægi og þrjú nefndu nokkurt offramboð. Vert er að nefna að meðal þeirra sex sveitarfélaga sem nefndu skort á leiguíbúðum eru öll fjögur fjölmennustu sveitarfélögin á landinu. Miðað við fyrri ár fjölgar enn þeim sveitarfélögum sem telja jafnvægi ríkja á markaðnum; 23 sveitarfélög töldu sig búa við slíka stöðu, samanborið við 18 árið 2014 og aðeins 10 sveitarfélög árið 2013.

Umsækjendur um félagslegar leiguíbúðir eru flestir í Reykjavík og í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Um 65% umsóknanna varða þannig leiguíbúðir í Reykjavík og nær 80% þeirra sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi umsækjenda á biðlistum sveitarfélaganna var samtals 1688 sem er áþekk tala og við lok ársins 2014. Lunginn af umsóknunum er frá einstaklingum, 949, eða einstæðum foreldrum, 430. Nær $\frac{3}{4}$ hluta umsækjenda á biðlistum var að finna á höfuðborgarsvæðinu og voru hlutfallalega flestir umsækjendur á biðlista í Hafnarfirði. Biðtími var lengstur, 42 mánuðir hjá Hafnarfjarðarkaupstað, þá 38 mánuðir hjá Reykjavíkurborg og 36 mánuðir hjá Kópavogsbæ. Meðalbiðtími fyrir öll sveitarfélög landsins reyndist vera 14,6 mánuðir, þ.e. talsvert á annað ár. Þriggja ára samanburður sýnir að umsóknum og fjölda umsækjenda á biðlistum fer kerfisbundið fækkandi á tímabilinu 2013–2015, sé litið til landsins í heild.

Meirihluta leiguíbúða sveitarfélaga er að finna í sveitarfélögum er greiða sérstakar húsaleigubætur. Þetta hlutfall hækkaði um tæp tvö prósent milli ára, en 87,5% leiguíbúða sveitarfélaganna er nú að finna í sveitarfélögum sem greiða sérstakar húsaleigubætur. Af sveitarfélögnum greiddu 28 sérstakar húsaleigubætur 2015 sem er fjölgun um tvö sveitarfélög frá fyrra ári.

Sem fyrr var húsaleiga hæst í Reykjavík og því næst í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Meðalmánaðarleiga á landsbyggðinni er, með vissum undantekningum, yfirleitt undir 1000 kr. á fermetra.

Meirihluti sveitarfélaga, alls 33 af þeim 54 sem svöruðu spurningum um annars vegar ástand leiguíbúða og hins vegar um viðhaldsþörf þeirra, telur ástand leiguíbúða í sveitarfélaginu ýmist vera gott eða mjög gott. Einungis þrjú sveitarfélög telja ástand þeirra leiguíbúða sem þau eiga

¹ Reiknað var meðalgildi mats sveitarfélaganna á vægi fimm þátta rekstrarvandamála: Leigutekjur standi ekki undir rekstri, leiguíbúðir standi auðar, skuldir séu of miklar, offramboð sé á íbúðum eða að rekstrarvandamál séu tengd viðhaldi íbúða.

vera slæmt. Alls eru 719 íbúðir taldar þarfnast viðhalds, eða um 15% af heildarfjölda leiguíbúða íslenskra sveitarfélaga.

Efnisyfirlit

Samantekt	2
Yfirlit um myndir og töflur.....	6
Inngangur.....	7
Fjöldi leiguíbúða sveitarfélaganna	7
Auðar íbúðir	12
Húsnæðisáætlanir – áform um fjölgun eða fækkun íbúða.....	13
Stjórn húsnæðismála	14
Rekstarvandi sveitarfélaganna vegna leiguíbúða	16
Staðan á leigumarkaðnum.....	18
Fjöldi umsókna um félagslegt leiguhúsnæði, biðlistar og biðtími	19
Ýmsir þættir tengdir rekstri leiguíbúða sveitarfélaganna	24
Leigugjald á fermetra	26
Ákvörðun leiguverðs í félagslegu leiguhúsnæði sveitarfélaganna	28
Ástand og viðhald leiguhúsnæðis sveitarfélaganna.....	30
Viðauki: Íbúðafjöldi sveitarfélaganna – heildaryfirlit	32

Yfirlit um myndir og töflur

Mynd 1:	Fjöldi leiguíbúða sveitarfélaga 2006–2015	8
Mynd 2:	Breytingar á fjölda leiguíb. sveitarfélaga 2014–2015 (50 fjölm. sveitarfélögin)	8
Mynd 3:	Fjöldi leiguíbúða 50 fjölmennustu sveitarfélaganna (annarra en Reykjavíkur)	9
Mynd 4:	Fjöldi leiguíbúða á 100 íbúa 2015 (50 fjölmennustu sveitarfélögin).....	10
Mynd 5:	Íbúðir auðar sex mánuði eða lengur 2004–2015	11
Mynd 6:	Íbúðir auðar í eitt ár eða lengur 2004–2015.....	11
Tafla 1:	Skipting leiguíbúða sveitarfélaga eftir landshlutum 2015	7
Tafla 2:	Húsnæðisáætlanir – áform sveitarfélaga um aukið framboð fél. leiguíbúða.....	12
Tafla 3:	Íbúðir teknar úr notkun – íbúðir seldar.....	13
Tafla 4:	Stjórn húsnæðismála.....	14
Tafla 5:	Vandamál við rekstur leiguíbúða sveitarfélaganna	15-16
Tafla 6:	Staðan á leigumarkaði í sveitarfélaginu.....	17
Tafla 7:	Umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði 2015	18-19
Tafla 8:	Biðlistar og biðtími eftir félagslegu húsnæði við árslok 2015	19-20
Tafla 9:	Umsóknir og biðlistar eftir landshlutum, 2013–2015	21
Tafla 10:	Biðtímar eftir félagslegu húsnæði við árslok 2014 og 2015.....	21-22
Tafla 11:	Fjöldi íbúða sem sveitarfélögin leigja af öðrum.....	23
Tafla 12:	Rekstrarfélög – sérstakar húsaleigubætur	24
Tafla 13:	Meðalleigugjald á fermetra í leiguíbúðum sveitarfélaga 2015.....	25-26
Tafla 14a:	Ákvörðun leiguverðs félagslegs húsnæðis.....	27-28
Tafla 14b:	Sérgreindar viðmiðanir sveitarfélaganna við ákvörðun leiguverðs	28
Tafla 15:	Ástand og viðhaldspörf leiguíbúða sveitarfélaganna	29-30

Inngangur

Í samvinnu við velferðarráðuneytið og forvera þess hefur Varasjóður húsnæðismála frá árinu 2004 annast árlega könnun á stöðu leiguíbúðamála hjá sveitarfélögunum í landinu við lok undangengins árs. Tilgangur könnunarinnar er að fylgjast með framvindu og breytingum á stöðu leiguíbúða og koma þær upplýsingar sem aflað er m.a. að notum við stefnumótun stjórnvalda í húsnæðismálum.

Í mars 2016 voru öll 74 sveitarfélögin á landinu beðin að svara rafrænum spurningalista um stöðu leiguíbúða á sínum vegum við lok ársins 2015. Svarfrestur rann út 21. apríl og bárust svör frá 69 sveitarfélögum, eða 93,2% þeirra. Svör bárust ekki frá fimm sveitarfélögum. Í þeim sveitarfélögum sem svör bárust frá bjuggu 99,8% landsmanna. Í báðum tilvikum er þetta hæsta svarhlutfall þessarra kannana frá upphafi árið 2004. Fyrir árið 2014 voru það 11 sveitarfélög sem ekki svöruðu könnuninni og 18 sveitarfélög fyrir árið 2013.

Þau fimm sveitarfélög sem ekki svöruðu nú voru þessi (í stærðarröð): Akrahreppur, Skagabyggð, Fljótsdalshreppur, Svalbarðshreppur og Helgafellssveit. Fjögur þessara fimm sveitarfélaga áttu engar leiguíbúðir samkvæmt könnun ársins á undan. Af þeim fimm sveitarfélögum sem svöruðu ekki að þessu sinni svöruðu tvö heldur ekki könnun ársins 2014, þ.e. Skagabyggð og Svalbarðshreppur.

Fjöldi leiguíbúða sveitarfélaganna

Frá og með könnun ársins 2012 hefur verið spurt ítarlegar en áður um skiptingu leiguíbúðakosts sveitarfélaganna í félagslegar leiguíbúðir, íbúðir fyrir aldraða eða fólk með fötlun eða hvort um væri að ræða íbúðir að öðru tagi en þetta þrennt. Frá og með könnun ársins 2014 er greint milli íbúða fyrir aldraða og íbúða fyrir fatlaða. Að þessu sinni var í fyrsta skipti spurt um fyrirkomulag yfirstjórnar húsnæðismála hjá sveitarfélögunum og einnig var spurð fyrir um það hvort söluverð íbúða sem sveitarfélögin hefðu selt árið 2015 hefði dugað til að greiða upp áhvílandi lán á viðkomandi íbúð. Þá er nú skýrt tekið fram að þegar spurt er um rekstarfélög sveitarfélaganna þá sé einunngis átt við félag á annarri kennitölu en sveitarfélagið sjálft.


Tafla 1 sýnir skiptingu leiguíbúða sveitarfélaganna við lok ársins 2015 eftir landshlutum.

Tafla 1										
Skipting leiguíbúða sveitarfélaga eftir landshlutum 2015										
	Reykjavík	Kraginn	Suðurland	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
Félagslegar leiguíb.	1901	588	186	80	134	123	270	72	127	3481
Leiguíbúðir aldraðra	307	112	94	44	48	38	73	115	95	926
Leiguíbúðir fatlaðra	118	56	14	6	2	11	59	22	11	299
Aðrar leiguíbúðir	0	10	0	16	37	35	73	76	39	286
Samtals	2326	766	294	146	221	207	475	285	272	4992
Breyting frá 2014	84	18	-15	2	4	7	7	-20	-32	55
Hlutfallstölur:										
Félagslegar leiguíb.	81,7%	76,8%	63,3%	54,8%	60,6%	59,4%	56,8%	25,3%	46,7%	69,7%
Leiguíbúðir aldraðra	13,2%	14,6%	32,0%	30,1%	21,7%	18,4%	15,4%	40,4%	34,9%	18,5%
Leiguíbúðir fatlaðra	5,1%	7,3%	4,8%	4,1%	0,9%	5,3%	12,4%	7,7%	4,0%	6,0%
Aðrar leiguíbúðir	0,0%	1,3%	0,0%	11,0%	16,7%	16,9%	15,4%	26,7%	14,3%	5,7%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Breyting frá 2014	3,6%	2,3%	-5,1%	1,4%	1,8%	3,4%	1,5%	-7,0%	-11,8%	1,1%

Af þessum 4.992 leiguíbúðum sveitarfélaganna reyndust um 925 vera íbúðir ætlaðar öldruðum, um 300 íbúðir voru fyrir fatlaða og álíka fjöldi flokkast sem íbúðir af öðru tagi en félagslegar leiguíbúðir. Hlutfall íbúða fyrir aldraða er misjafnt eftir landshlutum, hæst var það á Austurlandi, um 40% alls húsnæðis austfirskra sveitarfélaga, en lægst í Reykjavík. Hlutfall íbúða fyrir fatlaða var hæst á Norðurlandi eystra en lægst á Vestfirðum. Hlutfallslega fjölgaði íbúðunum mest í Reykjavík og á Norðurlandi vestra, en fækkaði mest á Suðurlandi og Austurlandi. Heildarskipting leiguíbúða sveitarfélaga landsins er sýnd í töflu í viðauka þessarar skýrslu.


Heildarfjöldi leiguíbúða sveitarfélaganna árin 2006–2015 má sjá á mynd 1 á næstu síðu. Milli árána 2014 og 2015 fjölgaði íbúðunum úr 4937 í 4992, eða um 55 íbúðir sem er 1,1% fjölgun.

Mynd 1
Fjöldi leiguíbúða sveitarfélaga
2006–2015



Mynd 2 sýnir þróunina í 50 fjölmennustu sveitarfélögum, þ.e. hve mikið íbúðum fjölgaði eða fækkaði milli árana 2014 og 2015.²

Mynd 2
Breyting á fjölda leiguíbúða frá 2014–2015
(50 fjölmennustu sveitarfélögin)




Ekki urðu neinar meiri háttar breytingar milli árana 2014 og 2015, fjölgun varð mest í Reykjavík, en því næst í Bolungarvíkurkaupstað og Akureyrarkaupstað. Mynd 3 hér á eftir sýnir svo fjölda leiguíbúða í 50 fjölmennustu sveitarfélögum öðrum en Reykjavík og á mynd 4 má sjá fjölda leiguíbúða á hverja 100 íbúa í 50 stærstu sveitarfélögum.


² Til hægðarauka við gerð skýringarmyndarinnar hér að ofan var þeim sveitarfélögum úr hópi þeirra 50 fjölmennustu þar sem engar breytingar urðu milli ára sleppt.

Mynd 3

Fjöldi leiguíbúða í 50 fjölmennustu sveitarfélögum 2015 (öðrum en Reykjavík)




Mynd 4
Fjöldi íbúða á 100 íbúa 2015
(í 50 fjölmennustu sveitarfélögunum)




Auðar íbúðir

Um miðjan síðasta áratug náði fjöldi auðra íbúða hámarki, fjöldinn var á þeim tíma einkum bundinn við tvö til þrjú sveitarfélög á Vestfjörðum. Strax árið 2007 fækkaði auðum íbúðum þó verulega á Vestfjörðum og þar með lækkuðu heildartölurnar á landvísu umtalsvert. Af mynd 5 sést að íbúðum sem staðið höfðu auðar 7–12 mánuði fækkaði einnig verulega frá og með árinu 2012 og hafa verið um eða innan við einn tugur sl. þrjú ár.



Glöggt má sjá að vandkvæði vegna auðra íbúða innan leiguíbúðakerfisins eru nú að mestu leyti úr sögunni; fyrir 10 árum síðan höfðu yfir hundrað íbúðir verið auðar í 7–12 mánuði, en nú orðið má telja fjölda þeirra á fingrum sér. Auðar íbúðir 7–12 mánuði árið 2015 voru níu talsins.

Mynd 6 sýnir þróunina frá 2004 ef miðað er við íbúðir sem hafa verið auðar eitt ár eða lengur.



Próunin hefur sem sjá má lengst af legið niður á við, með árið 2011 sem skýra undantekningu. Rétt er þó að benda á lítills háttar fjölgun íbúða, sem hafa verið auðar lengur en eitt ár, á sl. þremur árum. Íbúðir sem voru auðar eitt ár eða lengur voru níu við lok ársins 2015.

Húsnæðisáætlanir – áform um fjölgun eða fækkun íbúða

Í spurningum nr. 4 og 5 var spurt hvort í gildi væri húsnæðisáætlun hjá sveitarfélaginu og hvort gerð væri áætlun um húsnæðisþörf næstu ára á grundvelli íbúðapróunar í sveitarfélaginu. Þá var í spurningum 10 og 11 spurt um áform sveitarfélaganna um að auka framboð íbúða á árinu 2016 og hvernig það yrði gert, þ.e. með því að framleigja íbúðir leigðar af öðrum aðila, kaupa íbúðir eða byggja nýtt húsnæði. Loks var í spurningu 12 leitað svara við því hversu margar nýjar íbúðir yrðu teknar í notkun á árunum 2016 og 2017. Svör við þessum spurningum eru dregin saman í töflu 2.

Tafla 2												
Húsnæðisáætlanir – áform sveitarfélaga um aukið framboð félagslegra leiguíbúða												
	Húsnæðis-áætlun?		Áætlun um húsnæðisþörf?		Ætlar svf. að auka framboð 2016?		Svf. ætlar að auka framboð á félagslegum leiguíbúðum með því að:				Hversu margar íbúðir verða teknar í notkun á árunum 2016 og 2017?	
							Leigja af öðrum	Kaupa	Byggja	Aukning alls	Á árinu 2016 verða teknar í notkun:	Á árinu 2017 verða teknar í notkun:
Reykjavíkurborg	Já		Já		Já		0	60	20	80	20	42
Kópavogsbær	Já			Nei	Já		0	10	0	10	0	0
Seltjarnarnesbær		Nei		Nei	Já		0	1	0	1	0	0
Garðabær		Nei			Já		0	0	5	5	5	0
Hafnarfjarðarkaupstaður	Já		Já		Já		0	1	0	1	1	2
Mosfellsbær		Nei		Nei	Já		1	0	0	1	0	0
Akraneskaupstaður		Nei		Nei	Já		1	0	6	7	0	6
Skorradalshreppur		Nei		Nei		Nei						
Borgarbyggð	Já		Já			Nei						
Stykkishólmsbær		Nei		Nei	Já		2	0	0	2	2	1
Blönduósibær		Nei		Nei	Já		0	1	0	1	0	0
Akureyrarkaupstaður	Já		Já			Nei						
Dalvíkurbyggð	Já		Já			Nei						
Breiðdalshreppur	Já			Nei		Nei						
Sveitarfélagið Hornafjörður		Nei		Nei	Já		0	0	10	10	5	5
Vestmannaeyjabær		Nei	Já			Nei						
Mýrdalshreppur		Nei		Nei	Já		0	0	5	5	5	
Samtals	7		6				4	73	46	123	38	56

Samtals eru nú sjö sveitarfélög með húsnæðisáætlun í gildi. Í þessum hópi er að finna þau fjögur fjölmennustu á landinu, þ.e. Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Akureyrarkaupstað og einnig Borgarbyggð, Dalvíkurbyggð og Breiðdalshrepp. Alls nefna svo sex sveitarfélög að þau hafi gert áætlun um húsnæðisþörf næstu ára, þar á meðal öll þau stærstu, að Kópavogsbæ undanskildum.

Þá hafa alls 11 sveitarfélög uppi áform um að fjölga leiguíbúðum sínum um samtals 123 íbúðir, ýmist með því að kaupa, byggja eða framleigja. Mestu munar um 60 íbúðir sem Reykjavíkurborg hyggst festa kaup á. Alls sex sveitarfélög hyggjast taka í notkun 94 íbúðir á árunum 2016 og 2017. Þarna á einkum í hlut Reykjavíkurborg sem hyggst taka í notkun 20 íbúðir árið 2016 og 42 íbúðir á árinu 2017.

Í spurningum 13–17 var leitað svara um breytingar sem miðuðu að fækkun leiguíbúða sveitarfélaganna á næstunni. Svörin eru dregin saman í töflu 3.

Tafla 3 Íbúðir teknar úr notkun – íbúðir seldar											
	Sveitarfélagið tók úr notkun félagslegt leiguhúsnæði á árinu 2015 vegna:					Seldi sveitarfélagið félagslegt húsnæði á árinu 2015?			Greiddist áhvilandi lán upp með söluverðinu?		
	Litillar eftirspurnar	Viðhalds	Niðurrifs	Ótilgreint	Samtals	Já	Nei	Seldar voru á árinu 2015	Áætlað er að selja á árinu 2016	Fjöldi íbúða þar sem söluverð greiddi upp áhvilandi lán	Fjöldi íbúða þar sem söluverð greiddi ekki upp áhvilandi lán
Reykjavíkurborg						Já		1	1	1	0
Kópavogsbær			1		1	Já		1	0	1	0
Seltjarnarnesbær		1		1	2	Já		2	1	1	1
Grindavíkurbær						Já		1	0	1	0
Sveitarfélagið Garður	0	1	0	0	1		Nei				
Ísafjarðarbær						Já		1	0	0	1
Vesturbyggð						Já		2	3	0	2
Svf. Skagafjörður	0	0	0	1	1	Já		1	7	1	0
Blönduósbær		1			1		Nei				
Fjallabyggð						Já		5	2	1	4
Seyðisfjarðarkaupst.				3	3		Nei				
Fjarðabyggð	0	4	0	1	5	Já		1	10	1	0
Fljótshálfur		2			2	Já		2	1	2	0
Svf. Árborg						Já		2	1	2	0
Samtals	0	9	1	6	16			19	26	11	8

Samtals 16 íbúðir voru teknar úr notkun hjá átta sveitarfélögum á árinu 2015; flestar, eða fimm, í Fjarðabyggð. Af þessum 16 íbúðum voru flestar, níu íbúðir, teknar úr notkun vegna viðhalds, ein vegna niðurrifs og sex af ótilgreindum ástæðum. Engar íbúðir voru teknar úr notkun vegna lítillar eftirspurnar.

Sveitarfélögin hafa selt eða hyggjast selja alls 45 íbúðir á árunum 2015 og 2016; 19 voru seldar árið 2015 og 26 eru í sölu árið 2016. Mest munar um 10 íbúðir sem Fjarðabyggð ætlar að selja árið 2016 og sjö sem Sveitarfélagið Skagafjörður hyggst selja.

Nú var í fyrsta sinn spurt um það hvort söluverð íbúðanna hefði dugað til að greiða upp áhvilandi lán á þeim 19 íbúðum sem seldar voru á árinu 2015. Svo reyndist hafa verið varðandi 11 af þessum 19 íbúðum.

Stjórn húsnæðismála

Í 6. spurningu spurningalistans var spurt hvernig stjórnsýslu húsnæðismála í viðkomandi sveitarfélagi væri háttað. Þessarar spurningar hefur ekki verið spurt í fyrri könnunum. Yfirlit yfir svör sveitarfélaganna má sjá í töflu 4.

Tafla 4
Stjórn húsnæðismála

	Húsnæðisnefnd	Félagsmálanefnd	Annað:
Reykjavíkurborg			Velferðarsvið úthlutar húsnæði, Félagshústaðir eiga og reka húsnæðið.
Kópavogsbær		Já	
Seltjarnarnesbær		Já	
Garðabær		Já	
Hafnarfjarðarkaupstaður		Já	
Mosfellsbær		Já	
Reykjanesbær			Einkahlutafélag og félagsmálanefnd sjá um stjórnýsluna.
Grindavíkurbær		Já	
Sandgerðisbær			Húsnæðis-, skipulags- og byggingaráð.
Akraneskaupstaður		Já	
Skorradalshreppur			Sveitarstjórn.
Borgarbyggð			Velferðarnefnd fer með húsnæðismál..
Grundarfjarðarbær	Já		Bæjarráð fer með stjórn húsnæðismála.
Stykkishólmsbær	Já		
Snæfellsbær	Já		Minni háttar ákvarðanir teknar í Ráðhúsinu af þjónustufulltrúa og bæjarstjóra.
Dalabyggð		Já	
Bolungarvíkurkaupstaður		Já	
Ísafjarðarbær			Allar leiguíbúðir í félagi, Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf..
Reykholahreppur	Já		
Vesturbyggð			Fasteignir Vesturbyggðar ehf..
Súðavíkurhreppur		Já	
Strandabyggð			Sveitarstjórn fer með málefni íbúða en fær tillögur frá velferðarnefnd.
Sveitarfélagið Skagafjörður			Úthlutun húsnæðis er á höndum félagsmálastjóra og félagsráðgjafa. Bygðarráð stýrir eignasjóði og ákveður gjaldskrá leigu, viðhald, kaup og sölu eigna.
Húnaþing vestra		Já	
Blönduósibær			Bygðaráð.
Sveitarfélagið Skagaströnd	Já		
Akureyrarkaupstaður		Já	
Norðurþing	Já	Já	
Fjallabyggð		Já	
Dalvíkurbyggð			Samstarf bygðaráðs og félagsþjónustu.
Eyafjarðarsveit		Já	
Grytubakkahreppur			Sveitarstjórn fer með húsnæðismál.
Pingeyjarsveit		Já	
Seyðisfjarðarkaupstaður			Velferðarnefnd fer með húsnæðismál.
Fjarðabyggð			Félagshúsnæðisþjónusta Fjarðabyggðar úthlutar íbúðum fyrir aldraða og fatlaða. Sérstakar húsaleigubætur eru fyrir skjólstæðinga sem það þurfa. Eiginlegar félagslegar íbúðir eru ekki skilgreindar en félagsþjónustan nýtur forgangs. Eigna og framkvæmdafulltrúi úthlutar almennum íbúðum út frá umsóknum.
Vopnafjarðarhreppur		Já	
Borgarfjarðarhreppur			Hreppsnefnd fer yfir þetta.
Breiðdalshreppur			Sveitarstjórn – eftir ráðgjöf félagsmálanefndar ef þurfa þykir.
Djúpavogshreppur			Starfsfólk skrifstofu sér um umsýslu félagslegra íbúða.
Fijótsdalshérað		Já	
Sveitarfélagið Hornafjörður		Já	
Vestmannaeyjabær		Já	Fjölskyldu- og tómstundaráð fer með húsnæðismál en starfsmenn úthluta íbúðum án aðkomu nefndarinnar.
Sveitarfélagið Árborg		Já	
Mýrdalshreppur		Já	
Skaftárhreppur			Félagshúsnæðisþjónusta sér um úthlutun á félagslegu húsnæði en sveitarstjóri um úthlutun á öðru húsnæði á vegum sveitarfélagsins.
Rangárþing ytra		Já	
Hrunamannahreppur			Sveitatstjórn.
Hveragerðisbær		Já	
Sveitarfélagið Ölfus		Já	
Skeiða- og Gnúpverjahar.		Já	
Bláskógabyggð		Já	
Flóahreppur			Sveitarstjóri sér um úrleigu á húsnæði fyrir starfsmenn skóla og leikskóla. Sameiginleg velferðarþjónusta hefur með málefni félagslegs húsnæðis að gera.
Samtals	6	27	23

Algengast er að félagsmálanefndum sé falin yfirstjórn húsnæðismála í viðkomandi sveitarfélögum, þetta á við um samtals 27 sveitarfélög. Alls sex fela sveitarfélög sérstökum húsnæðisnefndum þetta verkefni, þar af öll þrjú stærstu sveitarfélögin á Snæfellsnesi, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær. Þá nefndu 23 sveitarfélög eitthvað

annað en þetta tvennt, sums staðar fer sveitarstjóri, bæjarráð, bæjarstjórn eða sveitarstjórn með stjórn málaflokksins, sums staðar eru velferðarnefndir eða velferðarsvið nefndar til sögunnar.

Rekstarvandi sveitarfélaganna vegna leiguíbúða

Í 18. spurningu könnunarinnar var spurt hvort sveitarfélögin ættu við rekstarvanda að stríða og í 19. spurningu voru svarendur beðnir að leggja mat á rekstarvanda sveitarfélagsins, væri hann fyrir hendi. Þetta var orðað svo: „Vinsamlegast leggið mat á, með tölu á bilinu frá 0 til 10, með hvaða hætti eftirfarandi fullyrðingar skýra rekstrarvanda sveitarfélagsins vegna reksturs á félagslegum leiguíbúðum. Þar sem 0 stendur fyrir: Skýrir á engan hátt rekstrarvanda og 10 stendur fyrir: Skýrir allan rekstrarvanda.“

Tafla 5						
Vandamál við rekstur leiguíbúða sveitarfélaganna						
	Leigutekjur standa ekki undir rekstri	Leiguíbúðir standa auðar	Of miklar skuldir	Offramboð á íbúðum	Viðhald	Meðaltal
	<i>Skýringar-gildi:</i>	<i>Skýringar-gildi:</i>	<i>Skýringar-gildi:</i>	<i>Skýringar-gildi:</i>	<i>Skýringar-gildi:</i>	<i>Skýringar-gildi:</i>
Seltjarnarbær	10				5	3,0
Reykjanesbær	10	0	10	0	5	5,0
Grindavíkurbær	8	0	0	0	2	2,0
Sandgerðisbær	7		7		5	3,8
Skorradalshreppur	9	0	6	0	2	3,4
Borgarbyggð	2		3		5	2,0
Grundarfjarðarbær	8	0	8	0	7	4,6
Stykkishólmsbær	6	0	6	0	5	3,4
Snæfellsbær	10	2	0	0	10	4,4
Dalabyggð	3	0	2	0	2	1,4
Bolungarvíkurkaupstaður	5		7			2,4
Ísafjarðarbær	2	1	10	0	4	3,4
Reykholahreppur	7	0	7	0	7	4,2
Sveitarfélagið Skagafjörður	8	4	7	0	6	5,0
Húnaþing vestra	10					2,0
Sveitarfélagið Skagaströnd	6	1	5	0	6	3,6
Akureyrarkaupstaður	8				2	2,0
Norðurþing	5	0	8	0	3	3,2
Fjallabyggð	7	4	5	5	3	4,8
Dalvíkurbyggð	6		4			2,0
Seyðisfjarðarkaupstaður	7	4	7	0	6	4,8
Fjarðabyggð	7	6	0	0	8	4,2
Breiðdalshreppur	5		10			3,0
Djúpavogshreppur	10	0	10	0	5	5,0

Fljótsdalshérað	6	3	4	0	3	3,2
Sveitarfélagið Hornafjörður	6	0	4	0	8	3,6
Sveitarfélagið Árborg	8	0	3	0	5	3,2
Skaftárhreppur	8	0	4	0	8	4,0
Rangárþing ytra	5				5	2,0
Hrunamannahreppur	10	0	5	0	5	4,0
Sveitarfélagið Ölfus	8	0	2	0	4	2,8
Bláskógabyggð	10					2,0
Meðalvægi³	7,1	3,1	6,0	5,0	5,0	5,3
Fjöldi sveitarfélaga	32	8	24	1	27	

Könnunin sýnir að alls 32 sveitarfélög glímdu um síðustu áramót við rekstrarvanda, samanborið við 26 sveitarfélög við lok ársins 2014, 25 sveitarfélög við lok ársins 2013 og 27 við lok ársins 2012. Sveitarfélögum sem tilgreina rekstrarvanda hefur því fjölgað talsvert miðað við nokkur undangengin ár. Á höfuðborgarsvæðinu tilgreindi þó aðeins eitt sveitarfélag, Seltjarnarnesbær, rekstrarvanda. Ekkert sveitarfélag höfuðborgarsvæðisins tilgreindi rekstrarvanda á árinu 2014 og eitt, Hafnarfjörður, árið á undan.

Algengast var að leigutekjur stæðu ekki undir rekstri. Þetta var nefnt af öllum þeim 32 sveitarfélögum sem hér koma við sögu og meðalvægi skýringargildis þessa atriðis var 7,1 þar sem 10 var hámarkið og er því sá þáttur sem langþvingst vegur þegar rekstrarvandi tengdur leiguíbúðarekstri sveitarfélaganna er skoðaður. Samtals sjö sveitarfélög, Seltjarnarnesbær, Reykjanesbær, Snæfellsbær, Húnaþing vestra, Djúpavogshreppur, Hrunamannahreppur og Bláskógabyggð, gefa þessu atriði hæsta mögulegt gildi, 10. Um er að ræða verulega fjölgun frá 2014; þá gáfu aðeins þrjú sveitarfélög, Húnaþing vestra, Breiðdalshreppur og Bláskógabyggð, þessu atriði gildið 10.

Alls 24 sveitarfélög tilgreindu of miklar skuldir sem rekstrarvanda; fjögur þeirra, Reykjanesbær, Ísafjarðarbær, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur töldu þetta atriði vega mjög þungt (gildi 10). Þetta atrið var nefnt af 19 sveitarfélögum fyrir árið 2014 og þrjú, Ísafjarðarbær, Norðurþing og Breiðdalshreppur, gáfu atriðinu þá gildið 10.

Þá töldu 27 sveitarfélög vandkvæði með viðhald valda rekstrarvanda. Eitt sveitarfélag, Snæfellsbær, gaf þessu atriði þvingsta mögulega vægi, 10. Viðhaldsmálin vógu einnig þungt (gildi 7 eða 8) hjá Grundarfjarðarbæ, Reykhólahreppi, Fjarðabyggð, Sveitarfélaginu Hornafirði og Skaftárhreppi.

Loks nefndu átta sveitarfélög nokkurn rekstrarvanda, aðeins eitt sveitarfélag nefndi rekstrarvanda vegna offramboðs íbúða.

³ Gildi allra svara um hvert atriði voru lögð saman og deilt í með fjölda þeirra sveitarfélaga sem merktu við atriðið (með tölugildi frá 0–10).

Í síðasta dálki töflu 5 má sjá meðaltal samanlagðra gilda hvers sveitarfélags hvað snertir alla þá fimm þætti rekstrarvanda sem spurt var um. Uppsafnaður rekstrarvandi náði samkvæmt þessum tölum hæsta meðalgildi (5) hjá þremur sveitarfélögum, Reykjanesbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði og Djúpavogshreppi. Fjallabyggð og Seyðisfjarðarkaupstaður koma svo rétt á eftir framangreindum sveitarfélögum með meðalgildi 4,8 fyrir rekstrarvanda sinn.

Staðan á leigumarkaðnum

Í 20. spurningunni í könnuninni var grenslast fyrir um stöðuna á leigumarkaðnum í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Spurt var hvort á markaðnum ríkti jafnvægi, skortur eða nokkur skortur væri á leiguíbúðum eða hvort fyrir lægi offramboð eða nokkurt offramboð.

Tafla 6 Staðan á leigumarkaði í sveitarfélaginu				
Það er skortur á félagslegu húsnæði	Nokkur skortur er á félagslegu húsnæði	Markaður er í jafnvægi	Nokkurt offramboð er á félagslegu húsnæði	Offramboð er á félagslegu húsnæði
Reykjavíkurborg	Seltjarnarnesbær	Grindavíkurbær	Ísafjarðarbær	
Kópavogsbær	Garðabær	Skorradalshreppur	Fjallabyggð	
Hafnarfjarðarkaupstaður	Mosfellsbær	Grundarfjarðarbær	Seyðisfjarðarkaupstaður	
Reykjanesbær	Sandgerðisbær	Snæfellsbær		
Akureyrarkaupstaður	Akraneskaupstaður	Bolungarvíkurkaupstaður		
Sveitarfélagið Hornafjörður	Borgarbyggð	Reykhlóahreppur		
	Stykkishólmsbær	Súðavíkurhreppur		
	Dalabyggð	Strandabyggð		
	Vesturbyggð	Sveitarfélagið Skagafjörður		
	Húnaþing vestra	Blönduósbær		
	Sveitarfélagið Skagaströnd	Norðurþing		
	Fjarðabyggð	Dalvíkurbyggð		
	Borgarfjarðarhreppur	Eyjafjarðarsveit		
	Fljótsdalshérað	Svalbarðsstrandarhreppur		
	Sveitarfélagið Árborg	Grýtubakkahreppur		
	Mýrdalshreppur	Pingeyjarsveit		
	Rangárþing ytra	Vopnafjarðarhreppur		
	Hrunamannahreppur	Djúpavogshreppur		
	Hveragerðisbær	Vestmannaeyjabær		
	Sveitarfélagið Ölfus	Skaftárhreppur		
	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Rangárþing eystra		
		Bláskógabyggð		
		Flóahreppur		
6 sveitarfélög	21 sveitarfélag	23 sveitarfélög	3 sveitarfélög	Ekkert sveitarfélag

Fram kemur í svörum við þessari spurningu að 27 sveitarfélög töldu sig búa við skort eða nokkurn skort á leiguíbúðum (flest, eða 21, nefndu nokkurn skort). Þá töldu 23 sveitarfélög leigumarkaðinn vera í jafnvægi og þrjú nefndu nokkurt offramboð. Vert er að nefna að meðal þeirra sex sveitarfélaga sem nefndu skort á leiguíbúðum (þ.e. ekki einungis „nokkurn skort“) eru öll fjögur fjölmennustu sveitarfélögin á landinu.

